



## SVAR

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytinga

---

**Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar um enska útgáfu af Mínum síðum.**

Á fundi stafræns ráðs þann 11. október 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar, sbr. 12. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Hversu lengi hefur ekki verið hægt að nota Mínar síður á ensku og hvenær verður þetta leyst? Hvernig er tryggt að þessi hópur notenda, sem ekki tala íslensku, geti nýtt sér fjölbreytta þjónustu borgarinnar á meðan?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 12. október 2023.

**Svar:**

Mínar síður Reykjavíkurborgar fóru fyrst í loftið haustið 2021. Var það þá grunnurinn sem umsóknir borgarinnar eru byggðar á. Allar umsóknir voru áfram aðgengilegar á Rafrænni Reykjavík þar sem grunnur Rafrænnar Reykjavíkur var þýddur yfir á ensku og pólsku. Notendur hafa alltaf getað þýtt efni sem birtist á Mínum síðum í gegnum vafra með tólum sem eru innbyggð í vafra allra snjalltækja og tölva. Þær þýðingar eru hins vegar ekki allar fullnægjandi.

Til að tryggja að notendur borgarinnar sem ekki tala íslensku sem fyrsta tungumál geti nýtt sér alla þá þjónustu sem í boði er og kynnt sér til hlítar öll þau mál og fylgigögn sem gætu verið á Mínum síðum er unnið að því að koma upp vélþýðingarminni á Mínar síður sem virkar með sama hætti og vélþýðingar á aðalvef borgarinnar. Þannig er hægt að spegla þýðingar af t.d. ensku yfir á mun fleiri tungumál með sem bestum árangri. Fyrsti áfangi í því verkefni fór í loftið september 2023 með Styrkjagátt Reykjavíkurborgar. Í október 2023 var vélþýðingar grunnur Minna síðna settur í loftið og í desember 2023 voru allar grunn umsóknir á Mínum síðum orðnar vélþýðanlegar. Vinna við að setja allar umsóknir á Mínum síðum í sama form mun standa fram í byrjun árs 2024. Stöðugar ítranir fara fram á þýðingarminninu og viðmóti Minna síðna.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,  
skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytinga